

Leiðbeiningar fyrir leit í gömlum brunavirðingum


Oftast fer leit að brunavirðingum fyrst eftir götuheitum og brunavirðinganúmerum. Þegar brunavirðinganúmerið fyrir húsið er fundið er hægt að leita aðrar upplýsingar upp útfrá því.

Í *Registur yfir brunatryggð hús 1-4645 Aðfnr. 800* má finna yfirlit yfir brunavirðinganúmer fyrir þau hús sem voru byggð milli 1896 og 1945. Götunum er raðað í stafrófsröð og húsunum niður í dálkinn í númeraröð. Við hvert húsnúmer stendur brunavirðinganúmerið sem við á. Þar sem ekki er um húsnúmer að ræða eru nöfn húsanna skrifuð.

Best er að hafa þetta skjal opið og/eða vista það á tölvuna á meðan verið er að leita á síðunni.


Dæmi: Fríkirkjuvegur 11

1. Fyrst er farið í **Registur yfir brunatryggð hús 1-4645 Aðfnr. 800** í fellilistanum. Þá opnast ný síða með þeirri bók.
 - a. Á þeirri síðu er leitað eftir götuheiti og húsnúmeri með því að slá inn götuheiti í glugga vinstra megin ofarlega á síðunni.
 - b. Það er svo valið úr fellilistanum og þá opnast síðan fyrir þá götu og hægt er að finna brunavirðinganúmer þess húss sem leitað er að.
 - c. Þetta númer borgar sig að skrá á blað meðan leitað er.




2. Ef húsið sem leitað er að er skráð er með númer milli 1 og 1630 skal fylgja skrefum a-f. Ef húsið sem leitað er skráð með númer milli 1631-4304 skal fylgja skrefum g-j.


- a. Eftir að brunavirðingarnúmer er fundið þarf að fletta því upp í númerabókum **Brunabótatrygging húsa – Nr.** sem eru merktar eftir brunavirðinganúmerum (t.d. Nr. 1-383 fyrsta bókin) og finna dagsetningar brunavirðinga.
- b. Hægt er að slá brunavirðinganúmer hússins sem leitað er að inn í fellilistann. Hvert hús er yfirleitt skráð á eina opnu og er brunavirðinganúmerið ofarlega á hægri spássíu opunnar.
- c. Hér þarf að skrá niður dagsetningar brunavirðinga sem stundum eru fleiri en ein. Best er að skrá allar dagsetningarnar hjá sér og byrja svo á að leita að þeirri elstu.
- d. Stundum getur þurft að stækka síðurnar til að sjá dagsetningarnar og er það gert með því að smella á stækkunarglerið ofarlega til vinstri á síðunni.



- e. Á hægri spássíu sömu bókar/opnu eru dagsetningar virðinga ritaðar.
Fyrstu virðingarnar efst en endurvirðingar fyrir neðan í sama dálki.
Ýmsar aðrar upplýsingar geta verið á síðunni s.s. um eigendur o.fl.
- f. Þegar dagsetning elstu brunavirðingar er fundinn má halda áfram í lið nr. 3.



- g. Ef leitað er að upplýsingum um Vífilsgötu 17 sem hefur brunavirðingunúmerið 3452 er farið í **Bók 3395-4304 Aðfnr. 757.**
- h. Hægt er að slá brunavirðingunúmer hússins sem leitað er að inn í fellilistann. Hvert hús er skráð á eina blaðsíðu og brunavirðingunúmer þess er skráð efst í hægra horn hverrar blaðsíðu.





- i. Hér þarf að skrá niður dagsetningar brunavirðinga sem stundum eru fleiri en ein. Best er að skrá allar dagsetningarnar hjá sér og byrja svo á að leita að þeirri elstu. Dagsetningu

brunavirðingar má finna undir liðnum Anm.: ofarlega á hverri síðu.


Ýmsar aðrar áhugaverðar upplýsingar geta verið á síðunni s.s. um eigendur o.fl.

Stundum getur þurft að stækka síðurnar til að sjá dagsetningarnar og er það gert með því að smella á stækkunarglerið stjórnborðinu.



j. Þegar dagsetningarnar eru fundnar má halda áfram í lið nr. 3.

3. Þegar dagsetning brunabótavirðingar hefur verið fundin er skoðað í bækur eftir dagsetningum (t.d. **Bók 25-06-1874 til 30-06-188 Aðfnr. 733** í fellilista). Hver dagsetning getur spannað nokkrar síður og þarf að leita í þeim eftir brunavirðinganúmeri sem skráð er á spássíur.



Mismunandi er hvað margar virðingar eru fyrir hvert hús, oftast er verið að leita eftir fyrstu virðingu sem sem er yfirleitt með ítarlegustu lýsinguna á húsinu.

Oft fylgja virðingar (svokallaðar dýrtíðarvirðingar) sem eru einungis til að uppfæra upphæð brunabóta í krónum, en engin breyting hefur verið á húsnæðinu.